


Heimur hátekjuhópanna

Um þróun tekjuskiptingar á Íslandi 1993 til 2007

Í nýrri rannsóknarritgerð Þjóðmálastofnunar Háskóla Íslands, "Heimur hátekjuhópanna: Um þróun tekjuskiptingar á Íslandi 1993 til 2007", fjalla Arnaldur Sölvi Kristjánsson og Stefán Ólafsson um örur breytingar á íslensku tekjuskiptingunni, í átt til aukins ójafnaðar. Sjónum er sérstaklega beint að tekjum hátekjuhópanna. Byggt er á gögnum frá ríkisskattstjóra og hliðsjón höfð af nýlegum erlendum rannsóknum á tekjuskiptingu. Greinina má sjá á www.ts.hi.is.

Reynsla vestrænna þjóða bendir til að þegar frjálshyggju gætir meira í stjórnarstefnunni, með óheftari markaðsháttum og mikilli samþjöppun eigna, þá verði tekjuskiptingin í samfélaginu ójafnari. Þetta gerðist í Bandaríkjunum á áratugnum fram að fjármálahruninu 1929 og þessa hefur sömuleiðis gætt með afgerandi hætti á seinni frjálshyggjutímanum í Bandaríkjunum og Bretlandi, þ.e. á stjórnartíma Reagans og Thatchers frá um 1980 og til nútímans. Þannig urðu umskipti í tekjuskiptingunni eftir 1980 mjög afgerandi og nú í aðdraganda alþjóðlegu fjármálakreppunnar 2007 var hlutur hátekjuhópanna í Bandaríkjunum orðinn álíka stór og var í aðdraganda kreppunnar miklu. Frjálshyggjuáhrifin breiddust nokkuð út á Vesturlöndum eftir 1980 og almennt gætti samhliða því aukins ójafnaðar í tekjuskiptingu margra OECD-ríkja (OECD 2008, Growing Unequal?).

Frjálshyggjuáhrifa tók að gæta á Íslandi með sívaxandi þunga frá um 1995 og einmitt frá þeim tíma tók tekjuskiptingin að verða mun ójafnari en áður hafði verið. Ákveðin tímamót urðu við árið 2003 en frá þeim tíma jókst hraðinn í ójafnaðarþróuninni til muna. Aukning ójafnaðar á Íslandi virðist hafa verið mun örari en almennt var í OECD-ríkjunum. Á mynd 1 er þróunin á Íslandi sýnd í samanburði við þróunina í Bandaríkjunum. Aukning ójafnaðar var mun örari hjá hjónum en einhleypum, ekki síst eftir árið 2003.




Mynd 1. Tekjuhlutdeild tekjuhæstu 10% í Bandaríkjunum (1917-2006) og á Íslandi (1993-2007) (m. v. tekjur fyrir beina skatta).

Mynd 1 sýnir hversu stór hluti af tekjum allra kom í hlut rikustu 10% tekjuþega, í Bandaríkjunum frá 1917 til 2006 og á Íslandi frá 1993 til 2007.

Í greininni sjálfri er þróuninni á Íslandi ítarlega lýst, fyrst almennt og síðan með nánari greiningu á þróun háu teknanna í samfélaginu frá 1993 til 2007. Þá eru helstu áhrifavaldar hins aukna ójafnaðar greindir, svo sem áhrif fjármagnstekna, atvinnutekna og lífeyristekna, auk jöfnunaráhrifa skatta- og bótakerfisins.

Tekjuhæstu 615 fjölskyldurnar á Íslandi (hæsta 1% fjölskyldna) fengu í sinn hlut 4,2% af heildartekjum fjölskyldna í landinu árið 1993, þ.e. fjórfaldan hlut, en árið 2007 var hlutur þeirra af tekjum allra fjölskyldna orðinn tuttugufaldur, eða 19,8%. Ríkustu 10% fjölskyldna höfðu aukið hlut sinn af heildartekjum fjölskyldna úr 21,8% árið 1993 í 39,4% árið 2007. Hjá hinum 90% fjölskyldnanna minnkaði tekjuhlutdeildin að sama skapi úr um 78% í rúm 60% á sama tíma. Þetta má sjá á mynd 2.



Mynd 2. Hlutdeild einstakra tekjuhópa af heildartekjum fjölskyldna. Hjón og sambúðarfólk; heildartekjur fyrir skatt, 1993 og 2007.

Í samræmi við ofangreint hækkuðu meðaltekjur efstu tekjuhópanna gríðarlega mikið. Efsta 1% fjölskyldna var að jafnaði með 1,6 milljónir í fjölskyldutekjur á mánuði 1993 (á föstu verðlagi) en hafði hækkað í 18,2 milljónir á mánuði árið 2007 (allar tekjur meðtaldar: atvinnutekjur, lífeyristekjur og fjármagnstekjur). Aukningin hjá þessum hæstu tekjuhópum var margföld aukning tekna hjá meðaltekjufólki eða lágtekjufólki á sama tíma.

Um leið og tekjur hátekjuhópanna jukust langt umfram tekjur annarra á Íslandi þá bættu stjórnvöld um betur og lækkuðu stórlega skattbyrði hátekjuhópanna, með innleiðingu hins nýja fjármagnstekjuskatts, en fjármagnstekjur koma í mun meiri mæli í hlut hátekjuhópanna en annarra. Þar eð álagningin í þessum nýja skatti var mun lægri en almenn álagning á atvinnutekjur vinnandi fólks (10% á fjármagnstekjur á móti 37% yfir skattleysismörkum á atvinnutekjur) leiddi þetta til minni skattbyrði hátekjuhópanna, mest hjá þeim allra tekjuhæstu. Um leið rýrðu stjórnvöld skattleysismörkin (persónufrádráttinn) sem jók umtalsvert skattbyrði lágtekjuhópa og einnig meðaltekjuhópanna. Þannig jók skattastefnan ójöfnuðinn enn frekar. Auk þess rýrðu stjórnvöld bæði barnabætur og vaxtabætur til ungra fjölskyldna umtalsvert frá 1995 til um 2006, sem einnig dró úr jöfnunaráhrifum skatta- og bótakerfisins. Niðurfelling hátekjuskattsins á árabílinu 2003 til 2007 magnaði þessa þróun enn frekar. Þannig var beinum ívilnunum úthlutað til hátekjufólks um leið og skattbyrði lágtekjufólks (lífeyrisþega, ungra barnafjölskyldna, einstæðra mæðra og fólks í lágt launuðum störfum á vinnumarkaði) var aukin.

Um leið og hinn óhefti markaður var að auka ójöfnuð tekna fyrir skatta verulega, þá beittu stjórnvöld á Íslandi sér fyrir því að auka ójöfnuðinn enn frekar með skattastefnu sinni. Þessi framvinna var um margt einstök í samfélagi vestrænu þjóðanna.

Frá 2007 hefur orðið umsnúningur á skattastefnunni, þannig að skattleysismörkin hafa tekið að hækka á ný og lífeyristekjur hafa sömuleiðis aukist talsvert á árinu 2008 og 2009, en þetta hvoru tveggja eykur jöfnunaráhrifin á ný. Fjármálakreppan mun væntanlega breyta tekjuskiptingunni enn frekar á næstu misserum.

Sjá nánar greinina “Heimur hátekjuhópanna: Um þróun tekjuskiptingar á Íslandi 1993 til 2007”, eftir Arnaldur Sölvi Kristjánsson og Stefán Ólafsson” á www.ts.hi.is. Nánari upplýsingar veita höfundar greinarinnar (olafsson@hi.is eða ask7@hi.is).